



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008 (103. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á innheimtulögum.

Viðskiptaráð Íslands skilaði inn umsögn um frumvarp sama efnis á 139. löggjafarþingi.¹ Gerði ráðið þar einkum athugasemdir við aðgreiningu eftirlits, sem er nú þegar að hluta í lögum, með sambærilegri starfsemi eftir því hver rækir þá starfsemi. Taldi ráðið slíkt fyrirkomulag ekki leiða af sér fullnægjandi eftirlit með starfsemi sem markvisst eftirlit þarf að vera með. Gæti það verið til þess fallið að leiða til ósamræmis í ákvarðanatöku, ógagnsæis fyrir viðkomandi fyrirtæki og neytendur auk þess sem innheimtufyrirtæki þyrftu að greiða ólík gjöld eftir því hver annaðist eftirlit með þeim.

Þó er kveðið á um það í frumvarpinu að eftirlitsaðilarnir, þ.e. Fjármálaeftirlitið, Lögmannafélagið og Neytendstofa, samræmi verklag sitt og gæti það án efa dregið úr ofangreindum vanköntum. Telji nefndin rétt að viðhalda þessari aðgreiningu eftirlits er jafnframt mikilvægt að skerpt sé á hlutverkum eftirlitsaðilanna og vísar undirritaður þar m.a. til athugasemda LMFÍ við ákveðna þætti frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands

¹ 643. þingmál – umsögn dags. 31.5.2011.